Fjórðungssamband Vestfirðinga

**Árneshreppur**
**Bolungarvíkurkaupstaður**
**Ísafjörður**
**Kaldrananeshreppur**
**Reykhólahreppur**
**Tálknafjarðarhreppur**
**Strandabyggð**
**Súðavíkurhreppur**
**Vesturbyggð**

Ísafirði 18. ágúst 2021

**Boð á 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga - haust.**

Með vísan til 10. greinar samþykktar stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga er hér með boðið til 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga - haust. Þingið verður haldið föstudaginn 22. og laugardaginn 23. október 2021 á Ísafirði en nánari staðsetning verður tilkynnt þegar nær dregur.

Umfjöllunarefni þingsins samkvæmt samþykkt 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga -vor; *Þjónusta sveitarfélaga í víðum skilningi.*

*Dagskrá þingsins samkvæmt samþykktum*

1. Ávarp formanns FV.
2. Skýrsla formanns Samgöngu og fjarskiptanefndar.
3. Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða.
4. Ályktanir um helstu hagsmunamál Vestfirðinga og stefnumótun sveitarfélaganna í einstaka málum.
5. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
6. Ákvörðun um árstillag sveitarfélaganna á næsta starfsári.
7. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis. – *Er ekki virkur liður á þessu þingi*
9. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns - *Er ekki virkur liður á þessu þingi*
10. Kosning í fastanefndir - *Er ekki virkur liður á þessu þingi*
11. Breytingar á samþykktum FV.
12. Önnur mál löglega fram borin.

Umfjöllunarefni þingsins verður rætt að loknum 4. lið dagskrár. Útfærsla dagskrárliðarins verður ákveðinn þegar nær dregur þinginu og kynnt á vefslóðinni https://www.vestfirdir.is/is/malaflokkar/sveitarstjornarmal/haustthing/haustthing-2021 - , ásamt öðrum gögnum er varða þingið. Miðað er við að þingið hefst með léttum morgunverði og skráningu kl.10:00 og verður þingið sett kl. 10.30 á föstudeginum 22. október með framlagningu fjárhagsáætlunar 2022.

Dagskrá og dagsetning þingsins óskast kynnt aðal og varafulltrúum í sveitarstjórn. Hafi sveitarstjórn eða einstaka sveitarstjórnarfulltrúar hug á að leggja ályktanir fyrir þingið er þess óskað, að þær verði sendar inn með góðum fyrirvara ef mögulegt er.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðstjóri byggðaþróunar